



Ritun og tjáning

ÍSLE3RT05

Fjölbrautaskóli Suðurlands

Námsáætlun vorönn 2024

Kennarar:

Guðbjörg Grímsdóttir (GGR) gudbjorg10@fsu.is

Jón Özur Snorrason (JÖS) jozur@fsu.is

Áfangalýsing

Í áfanganum er unnið að skapandi skrifum á sem fjölbreyttastan hátt. Hugað er að muninum milli skapandi skrifa og hagnýtra skrifa. Hvað sé sameiginlegt og hvað sé ólíkt? Nemendur skrifa texta af ýmsu tagi: stuttar sögur og prósa, ljóð í frjálsu formi og örleikrit svo eitthvað sé nefnt. Auk þess sem þeir kynna sér (lesa og greina) útgefna texta eftir viðurkennda höfunda. Verkefni af fjölbreyttu tagi verða unnin í töluðu og rituðu máli.

Markmið áfangans:

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- ýmsum tegundum bókmennta og nytjatexta
- helstu hugtökum sem tengjast skapandi skrifum
- stefnum í íslenskum bókmenntum sem tengjast viðfangsefninu

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- vinna skapandi efni frá hugmynd til birtingar
- ganga frá eigin verkum til birtingar eða flutnings
- veita uppbyggilega gagnrýni og nýta sér hana frá öðrum
- flytja af öryggi og sannfæringu kynningu á eigin sköpunarverkum
- skilja viðeigandi stílbrögð, orðatiltæki og menningarlegar tilvísanir í ræðu og riti

Hæfniviðmið:

Nemandi skal í lok áfanga geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- vinna á gagnrýninn hátt
- leggja mat á og efla eigin málfærni
- skrifa vel uppbyggðan og grípandi texta
- velja framsetningu eftir efni, aðstæðum og viðtakendum
- setja fram efni sitt þannig að inntakið liggi ekki á yfirborðinu
- beita málinu á viðeigandi og árangursríkan hátt í ræðu og riti
- sýna þroskaða siðferðisvitund, víðsýni, sköpunarhæfni og samlíðan í verkum sínum

Námsefni:

Bókin *Saknaðarilmur* eftir Elísabetu Jökulsdóttur. Fæst hjá Forlaginu. Er einnig á Storytel.

Svar við bréfi Helgu eftir Bergsveinn Birgisson. Fæst hjá Forlaginu. Er einnig á Storytel.

Efni frá kennara.

Námsmat: Áfanginn er símatsáfangi og því þarf að skila ÖLLUM verkefnum áfangans.

10% Hagnýt skrif

15% Svar við bréfi Helgu

10% Grunnþættir skáldskapar

10% Skapandi skrif

15% Saknaðarilmur

15% Tjáning

15% Lokaverkefni

10% Dagbóarskrif

Vinnuáætlun - Ritun og tjáning, vorönn 2024

Dags.	Viðfangsefni
5. jan.	<i>Kynning á áfanganum. Athugið að tjáning er sem rauður þráður alla önnina í tengslum við öll verkefni. Dagbóarskrif kynnt sérstaklega.</i>
8. - 12. jan.	Hagnýt skrif Rifjuð eru upp grundvallaratriði ritunar og lesin útgefin sýnishorn allra formlega hagnýtra skrifa. Unnin verkefni í tengslum við efnið. <i>Svar við bréfi Helgu ... lesin heima.</i>
15. - 19. jan.	Unnið áfram með verkefni tengdum hagnýtum skrifum. Hvað eru hagnýt skrif? <i>Svar við bréfi Helgu ... horft á kvikmyndina heima.</i>
22. - 26. jan.	Svar við bréfi Helgu <i>Krossapróf úr bókinni í upphafi vikunnar.</i> Hér verða unnin verkefni út frá bókinni Svar við bréfi Helgu. Nemendur horfa á kvikmyndina heima og eru tilbúnir að bera saman kvikmyndina við skáldsöguna.
29. jan - 2. feb.	Unnið áfram með verkefni tengd kvikmynd og skáldsögu.
5. - 9. feb.	Grunnpættir skáldskapar Hér er unnið með höfuðgreinarnar epík, lýrik og dramatík út frá formi. Hér verða verkefni unnin til að dýpka skilning á höfuðgreininum.
12. - 16. feb.	Unnið áfram með verkefni tengdum grunnþáttum skáldskapar. Meðal annars við að breyta hagnýtum texta í skáldlegan - og öfugt.
19. - 23. feb. Vetrarfrí (mán+þri)	Einstakar aðferðir skapandi skrifa Hér verða unnin fjölbreytt verkefni tengd skapandi skrifum. <i>Saknaðarilmur ... lesin heima.</i>
26. feb - 1. mars Kátir dagar og Flóafár	Áfram unnið með skapandi skrif. <i>Saknaðarilmur ... klárað að lesa bókina heima.</i>
4. - 8. mars Áfangamessa (fim) Miðannarmat	Áfram unnið með skapandi skrif.
11. - 15. mars Valdagur	Saknaðarilmur <i>Krossapróf úr bókinni í upphafi vikunnar.</i> Söugreining.
18. - 22. mars Opið hús	Verkefni unnin úr bókinni.
25. - 29. mars	PÁSKAFRÍ
1. - 5. apríl Kennsla byrjar á þri	Framsögn og tjáning
8. - 12. apríl	
15. - 19. apríl	Lokaverkefni Unnið að lokaverkefni, ákveðinn þáttur áfangans valinn og unnin. Skil á lokaverkefni eru rafræn.
22. - 26. Apríl Sumardagurinn fyrsti	
29. apríl - 3. maí	Munnlegt próf (kynning á dagbóarskrifum)
6. - 10. maí Uppstigningardagur	Uppsóp. Kennsla á mánudegi, þriðjudegi og miðvikudegi. Frí á fimmtudegi (uppstigningardagur). Námsmat hefst á föstudegi.

Námsáætlun er gerð með fyrirvara um breytingar.

Með von um góða og skapandi samvinnu.

Gert með fyrirvara um breytingar.

4. janúar 2024, íslenskukennarar